



Alþingi
Erindi nr. P 140/652
komudagur 24.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Hallveigarstöðum, 24. nóvember 2011

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um skattaívilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka. Þingskjal 107 - 107. mál. 140. löggjafarþing 2011–2012.

Kvenfélagasambandið lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp og markmið þess og telur mikinn ávinning af því fyrir samfélagið ef frumvarpið nær fram að ganga.

Innan Kvenfélagasambands Íslands starfa 170 kvenfélög í 17 héraðssamböndum með starfssemi um allt land.

Það er mörgum ljóst að starfssemi kenfélaganna hefur skipt sköpum fyrir samfélagið svo lengi sem þau hafa starfað. Sumir eru þó meðvitaðri um það er aðrir, starfa sinna vegna.

T.d. komst forstjóri Landspítalans svo að orði í pistli sem hann birti á vef spítalans á aðfangadg jóla árið 2010: „*Aðfangadagur jóla einkennist af gæsku og gjafmildi. Þetta er okkur hér á Landspítala áminning um að spítalinn er að miklu leyti orðinn háður gjöfum félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga til að hægt sé að viðhalda og endurnýja tæki og búnað spítalans*“

Það er afar áriðandi að koma á móts við félagasamtök og sýna þeim sanngirni nú þegar starfssemi þeirra er brýnni en oft áður. Verði frumvarpið samþykkt er það hvatning fyrir einstaklinga sem og fyrirtæki að styðja starfssemi félagasamtaka til góðra verka.

Kvenfélagasamband Íslands styður frumvarpið og hvetur Alþingi til að samþykkja það.

f.h. Kvenfélagasambands Íslands

Hildur Helga Gísladóttir
framkvæmdastjóri